

## AUGLÝSING

### um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998.

„STARFSREGLUR  
um breyting á starfsreglum um  
héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998.

1. gr.

Í stað orðanna „1. október“ í 1. ml. 3. gr. komi: 15. júní.

2. gr.

2. ml. 1. mgr. 4. gr. orðist svo: Fundarboð skal sent öllum sóknarnefndum, prestum og djáknum í prófastsdæminu og fulltrúum á kirkjuþingi í kjördæminu.

3. gr.

3. tl. 5. gr. orðist svo: Mál er varða kirkjuþing, prestastefnu og leikmannastefnu.

4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 32. gr., 55. gr. og 57. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2004, nema ákvæði 1. gr. tillögunnar sem öðlast fyrst gildi 1. janúar 2005.

*Gjört í Reykjavík, 30. október 2003.*

Hulda Guðmundsdóttir,  
varaforseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir  
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 30. október 2003.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson** biskup Íslands.

## AUGLÝSING

### um starfsreglur kirkjuþings um þjálfun djáknaefna.

„STARFSREGLUR  
um þjálfun djáknaefna.

1. gr.

Biskup Íslands ábyrgist starfsþjálfun djáknaefna og setur nánari fyrirmæli um innihald hennar. Starfsþjálfunarnefnd djáknaefna, skipuð af biskupi til fjögurra ára, annast um framkvæmd starfsþjálfunar. Biskup setur nefndinni erindisbréf.